

# Fundargerð ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

**Haldin:** Í Árnasi, 06. apríl 2018.

**Tími:** 17:00 – 20:30

**Mætt:** Ástráður Unnar Sigurðsson, Guðmundur Heiðar Ágústsson, Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir, Iðunn Ósk Jónsdóttir og Matthías Bjarnason.

Matthías Bjarnason og Guðmundur Heiðar Ágústson skrifuðu fundargerð.

## Dagskrá fundar:

### **1. Umræða um ráðstefnu UMFÍ og hvað við tökum frá henni.**

- Við samþykkjum þessa ályktun frá UMFÍ og beinum til sveitastjórnar að lesa hana vandlega og hafa hana í huga þegar kemur að ákvarðanatökum í öllum málefnum sem koma að henni.
- Einnig viljum við benda sveitastjórn á að nýta sjónarmið og skoðanir ungmennaráðs í ákvarðanatökum í stórum málefnum sem tengjast ungmennum.
- Einnig bendum við á það að öll málefni tengjast ungmennum.

### **2. Myndun siðaregla og hvað við viljum hafa í þeim reglum.**

- Við biðjum Sveitastjórn um að að skrifa siðareglur en viljum við þó sérstaklega að þessi atriði komi fram í þeim;
- 1. Ungmennaráð skal ávallt vera rödd ungmenna í sveitarfélaginu.
- 2. Virða almennar fundarreglur sveitastjórnar og passa upp á að alltaf sé farið siðlega og skynsamlega að fundargerð.
- 3. Við viljum hafa annaðhvort tvö eða fjögur ár á milli kosninga til ungmennaráðs og viljum við að sveitastjórn hjálpi til við að taka þá ákvörðun. Einnig viljum við að kosið sé til ungmennaráðs u.þ.b tveim mánuðum eftir sveitastjórnarkosningar ef fjögurra ára kjörtímabil gildir og tveimur árum eftir sveitastjórnarkosningar síðan ef tveggja ára kjörtímabil gildir. Ef ekki er nægur áhugi fyrir kosningum til ungmennaráðs skal sveitastjórn sjá um að manna ungmennaráð.
- 4. Við viljum benda sveitastjórn á að skoða siðareglurnar í handbók ungmennaráð suðurlands, eða einfaldlega skoða siðareglur ungmennaráðs Árborgar til viðmiðs við myndun siðaregla ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- 5. Við viljum að ungmennaráð fái fund með sveitastjórn á fjögura mánaða fresti til þess að ungmenni fái reglulega rödd í sveitarstjórn og geri grein fyrir sínum verkefnum og árangri ásamt því að upplýsa sveitarstjórn um framtíðar málefni. Við teljum þetta ýta undir virkni ungmennaráðsins. (Skoða má hvernig Ungmennaráð Reykjanesbæjar hefur þetta þar sem við fengum þessa hugmynd frá því ráði.)

### **3. Framtíðin og hvaða langtímamarkmið við viljum setja okkur ( stefnuskrá ).**

- Stefnuskrá tekur gildi mánuði eftir sveitastjórnar kosningar 2018
- Eftir eitt ár vill ungmennaráð sjá þessa hluti vera framkvæmda:
  1. Samstarf við Menningar og æskulýðsnefnd með Uppsprettuna fyrir þetta ár og það næsta.
  2. Ball sem að ungmennaráð hefur haft mikinn áhuga á að halda og kemur að miklu leiti að skipulagi.
  3. Vera kominn langt með skipulag um Heyannarball.
  4. Aukin samskipti við önnur ungmennaráð.
  5. Akstur á æfingar fyrir ungmenni í sveitarfélaginu.
- Það sem ungmennaráð vill sjá fram á til lengri tíma. Tvö til fjögur ár:
  1. Sparkvöllur í Brautarholti, nýtingu íþróttavallar í Brautarholti.
  2. Fá almennilega nýtingu á svæðum í sveitarfélaginu sem ekki eru í almennilegri notkun.
  3. Ungmennaráð hefur heimsótt erlendar ráðstefnur og lært af þeim.
  4. Berjast fyrir að sundlauginni í Brautarholti verði breytt ef það er hægt yfir höfuð.
  5. Fá sameiginlega fundi með ungmennaráði Hrunamannahrepps.
  6. Strætóskýli á stoppistöðvar í sveitarfélaginu og fá að koma að skipulagi strætókerfi hreppsins.

### **4. Embættisstaða og ritaraembætti.**

- Varamenn? Okkar skoðun er sú að varamenn séu ekki nauðsynlegir þar sem þetta er lítið ráð og ekki hefur þurft hingað til að hætta við fund vegna þess að enginn komist, við sjáum það ekki gerast í náinni framtíð. Ritari gæti gegnt stöðu varamanns og fær þá eingöngu ákvörðunartöku þegar það vantar einstakling úr kosnu ráði.
- Ritari sem sér bara um það og fær greitt eins og aðrir kosnir fundarmenn? Ungmennaráð mun þá velja ritara. Það embætti myndi þá fara af stað eftir sveitastjórnarkosningar.
- Fulltrúi Þjórsárskóla sem kemur 1x á fund og er það seinasti fundur ungmennaráðs fyrir fund með sveitastjórn. Eða þá fundur með skólanum þar sem ungmennaráð gerir könnun og krakkar í Þjórsárskóla svara henni, sú könnun skal fara fram 2 vikum fyrir fund ungmennaráðs með sveitastjórn.

## 5. Aukaleg málefni.

- Við viljum að það verði kosið í stjórn eftir sveitastjórnarkosningar og að það verði haldinn opinn fundur. Núverandi ungmennaráð á að sjá um að kynna þessar kosningar og ungmennaráðið sjálf fyrir ungmönnum í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Sú kynning skal fara fram þegar skólinn er nýbyrjaður að hausti og kosningar um það leiti einnig.

**Fundi slitið: 20:30**

Ástráður Unnar Sigurðsson

Ástráður Unnar Sigurðsson

Guðmundur Heiðar Ágústsson

Guðmundur Heiðar Ágústsson

Matthías Bjarnason

Matthías Bjarnason

Iðunn Ósk Jónsdóttir

Iðunn Ósk Jónsdóttir

Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir

Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir